

Mál nr. 229/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar veitufyrirtækis.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnstjóns er loki í vatnsveitulögn gaf sig.****Gögn.**

Málskot, móttækið 3.6.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 21.7.2021.
Bréf V, dags. 29.6.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 25. maí 2020 var af hálfu A unnið við skipti á loka á vatnslögn þegar vatn fór að renna frá vinnusvæðinu inn í húseign M með þeim afleiðingum að tjón varð á húsnæðinu. M telja að tjónið hafi orsakast vegna vinnu starfsmanna hjá A þegar þeir unnu við skipti á lokanum og að mistök hafi orðið hjá starfsmönnum við framkvæmd verksins. Einnig hafi það verið mistök hjá A að loka ekki fyrir vatnið meðan á framkvæmdinni stóð. Þá efist M um að það hafi verið fyrir tilviljun að lokinn hafi gefið sig nákvæmlega á þessum tímapunkti óháð gröfuvinnu og umfangsmiklum framkvæmdum á vegum A. Hafa M krafist bóta fyrir það tjón sem þau urðu fyrir af völdum vatnslekans úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Í tölvuskeyti verkstjóra hjá A til V, dags. 3. júní 2020, kemur fram að unnið hafi verið við að moka frá loka sem átti að skipta út daginn eftir, eða 26. maí 2020, þegar tæmistútur hafi gefið sig. Lokinn hafi verið frá 1990. Utan um lokann hafi verið steypdur rammi og ekki hafi verið kraflað í lokann heldur utan við rammann með handskóflu. Hringt hafi verið á slökkvilið til að aðstoða vegna leka inn í húsnæði M, en þar hafi lekið inn með ídráttarrörum sem ekki sé vitað hver eigi, allavega hafi ekki verið um að ræða ídráttarrör fyrir heitt vatn. Kveður verkstjórinn að lokinn hafi gefið sig án nokkurrar forsögu og hann myndi hafa gefið sig innan skamms án þess að nokkuð hafi séð á honum. Ekkert hafi bent til þess að þetta myndi gerast og hafi verið ófyrirséð. Í tveimur tölvuskeytum frá A, báðum dags. 4. júní 2020, kemur fram að A hafi verið „í þeirri vegferð að skipta lokum út sem eru ekki að virka vel og ekki orðnir gamlir“ og jafnframt að umræddur loki hafi gefið sig vegna lélegs ástands, en ekki hafi verið unnið við sjálfan lokann þegar hann gaf sig. Í bréfi V frá 29. júní 2021 segir að samkvæmt vátryggingartaka sé þrýstingur tekinn af lögninni þegar skipt er um lokann en menn hafi ekki verið komnir að þeim verkþætti þegar lokinn hafi gefið sig óvænt. V hafnaði bótakröfum M.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að óumdeilt sé að loki sá er gaf sig og olli tjóni í húsnæði M hafi verið í eigu og umsjá A. Lokinn mun hafa verið um þrjátíu ára gamall og unnið var við að skipta honum út sem lið í tilteknu verkefni sem fólst í því að skipta út lokum sem ekki voru að virka vel þótt þeir væru ekki gamlir. Ekki er heldur um það deilt að skipta átti honum út vegna lélegs ástands. Í gögnum málsins er ekki nánari grein gerð fyrir því í hverju hið lélega ástand lokans var fólgið og ekki er að sjá að nein sérstök rannsókn af hálfu hæfra og óvilhallra aðila hafi farið fram um ástand lokans og hvernig það atvikaðist að hann gaf sig á sama tíma og skipt var um hann, en það stóð A og V næst að hlutast til um að slík rannsókn færi fram. Eins og aðstæður voru þegar tjónsatvikið varð verður að telja að A hafi ásamt V sönnunarbyrðina um það að atvikið verði ekki rakið til háttsemi eða annars konar atvika sem A ber ábyrgð á. Sú sönnun hefur ekki tekist samkvæmt gögnum málsins. Af því leiðir að A ber skaðabótaábyrgð á tjóni því sem M urðu fyrir umrætt sinn. Telst tjónið því bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 17. ágúst 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.